

AUGLÝSING

vegna friðlýsingar flaksins af póstskipinu Phönix.

Í samræmi við ákvæði í 11. gr. laga nr. 107/2001 tilkynnist það hér með að Fornleifavernd ríkisins hefur friðlýst flakið af póstskipinu Phönix ásamt öllum munum sem varðveist hafa í og við flakið.

Flakið er staðsett við Syðra Skógarnes í Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu, en skipið fórst í óveðri í upphafi árs 1881.

Skipsflakið er innan eftirfarandi punkta:

1. 64°46,05 N - 22°35,17 V
2. 64°46,05 N - 22°34,92 V
3. 64°45,95 N - 22°34,92 V
4. 64°45,95 N - 22°35,17 V

Friðlýsingin felur í sér köfunarbann yfir flakinu og í 20 metra radíus í kringum það, án leyfis Fornleifaverndar ríkisins.

Fornleifavernd ríkisins, 23. desember 2010.

Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður.

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2011